

2012

# Fornleifaskóli barnanna



Sprotasjóðsverkefni  
Lokaskýrsla

## Inngangur

Fornleifaskóli barnanna hefur verið hýstur innan veggja Litlulaugaskóla frá árinu 2007. Megin viðfangsefnið er að tvinna fornleifafræði inn í kennslu á grunnskólastigi. Skólastarfið er enn, og verður, í mótun, en markmiðið með stofnun skólans er að skapa nýjan vettvang fyrir samstarf ólíkra aðila, innan héraðs og utan, um fræðslu barna og unglunga um söguna og menningararfinn og gildi þessa fyrir okkur í dag. Þetta er gert með hliðsjón af, og í beinum tengslum við fornleifarannsóknir í næsta nágrenni nemendanna - svæðis sem þeir þekkja og eiga auðvelt með að tengja við. Helstu markmiðin með fornleifaskólanum eru eftirfarandi:

- Að auka þekkingu ungmenna á menningarsögu Þjóðarinnar á miðöldum, fornum menningarminjum og fornleifafræði á breiðum grundvelli.
- Efla samvinnu ungmenna jafnt innanlands sem og milli landa á þeim sviðum er lúta að menningarsögu, fornleifafræði og fornleifarannsóknum hverskonar.
- Að koma á samstarfi stofnana, félaga og fyrirtækja, innanlands sem utan, með það að markmiði að hvetja til og efla þátttöku ungmenna í hverskonar verkefnum er tengjast þekkingaröflun á sviði menningarsögu og fornleifafræði.

Með því að kynna fornleifafræði á markvissan hátt fyrir ungmönnum opnast fyrir þeim gátt inn í vísindaleg vinnubrögð og hugmyndafræði hugvísinda. Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum grenndarkennslu. Að nemendur læri um sitt nánasta umhverfi. Hvaða fornleifar er verið að vinna með, hvernig og hvað þær segja okkur um þá sem hér bjuggu fyrr á tímum. Fjöldmargir sérfræðingar á sviði fornleifafræði starfa við uppgröft um allt land ár hvert. Niðurstöður þeirra vinnu leiða oft í ljós nýjar staðreyndir og vitneskju um sögu landsins og einstakra staða.

Fornleifaskóli barnanna byggir á þeirri hugmynd að grunnskólanemendur fái tækifæri til að læra beint af fornleifafræðingum og starfa með þeim á vettvangi. Starfseminni má skipta upp í tvo grunnþætti annars vegar fræðslu innan grunnskólans á skólaárinu og hins vegar þátttöku á vettvangi yfir sumartímamann.

Í samantektinni sem hér fer á eftir er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem nemendur Litlulaugaskóla unnu að skólaárið 2011-2012 og á haustönn 2012. Gerð er grein fyrir þeim markmiðum sem sérstök áhersla var lögð á umrædd misseri og síðan reynt að leggja mat á að hve miklu leyti þau náðust. Að lokum er leitast við að gera grein fyrir áframhaldandi þróun verkefnisins og með hvaða hætti það gæti nýst fleiri skólum.

## Sumar 2011

Þar sem að ákveðin fræðsla tengd starfsemi fornleifafræðinga þarfnast þess að jörð sé auð var ákveðið að vera með tvö námskeið strax um sumarið, þó svo að formlega séð hæfist verkefnið ekki fyrr en í byrjun ágúst. Annars vegar var um að ræða námskeið fyrir þá sem voru að fá sína fyrstu fræðslu um verkefni fornleifafræðinnar og hins vegar fyrir þau eldri og fól í sér kynningu á fornum vinnubrögum. Að loknum þessum námskeiðum var haldin sameiginleg grillveisla nemenda, foreldra og fornleifafræðinga í Hafralækjarskóla þar sem fornleifafræðingar höfðu bækistöð á meðan þeir voru við störf í Þingeyjarsýslu þetta sumarið. Alls tóku 80 manns þátt í lokahófinu.

### Kuml og fleira forvitnilegt - sumarskóli 9-12 ára

**Tími:** 4 dagar, 3 klst. á dag.

**Umsjón:** Sif Jóhannesdóttir, þjóðfræðingur og kennari og Megan Hicks fornleifafræðingur

Uppgröftur er sá hluti úr starfi fornleifafræðinga sem flestir kannast við. Þar sem strangar reglur gilda um aðgengi áhugafólks að þeim stöðum þar sem raunverulegur uppgröftur fer fram var útbúið kuml á skólalóð Litlulaugaskóla. Þar var ýmsum gripum, svo sem beinum, snældusnúðum og perlum komið fyrir. Megan Hicks doktorsnemi í beinafornleifafræði stýrði síðan uppgreftrinum og kynnti fyrir krökkunum mikilvægi faglegra vinnubragða og skráningar. Lokaniðurstaða úr þeim uppgreftri var að um kvenmannskuml hefði verið að ræða. Þá fengu nemendur fræðslu í jurtagreiningu, unnu verkefni um greiningu á rusli, en uppgröftur á fornum ruslahaugum hefur gefið mönnum gagnlegar vísbendingar um lifnaðarhætti fólks fyrir á tímum.



Skráning er lykilþáttur í fornleifarannsóknum. Megan Hicks og nemendur sumarskólans.

## **Hlaðinn torfveggur og unnið við uppgröft - sumarskóli 13-16 ára**

**Tími:** 5 dagar, 4 klst. á dag

**Umsjón:** Sif Jóhannesdóttir, þjóðfræðingur og kennari og Pétur Ingólfsson, kennari

Þekking á fornum vinnubrögðum og efnivið er í mörgum tilvikum grunnurinn að því að geta skilið, greint og skýrt þær fornleifar sem finnast. Því hefur verkleg kennsla í vinnubrögðum skipað þó nokkurn sess í starfsemi Fornleifaskóla barnanna. Pétur Ingólfsson kennari við Litlulaugaskóla fór fyrr um sumarið á námskeið hjá Fornverkaskólanum í torfhleðslu. Í framhaldinu stýrði hann eldri hóp sumarskólans við hleðslu torfveggjar. Veggurinn var hlaðinn steinsnar ofan við Litlulaugaskóla og standa vonir til að hann sé upphafið að frekari torfbyggingum þar. Auk þess að takast á við hleðslu torfveggjarins heimsóttu nemendur fornleifafræðinga við uppgröft á Þegjandadal og Skútustöðum og aðstoðuðu við ýmsa vinnu eftir því sem reglur leyfðu.

## **Skólaárið 2011 - 2012**

Yfir vetrartímann var lögð áhersla á verkefni sem ekki kröfðust þess að unnið væri að þeim utandyra, boðið upp á safnaferðir, fyrirlestra og vinnusmiðjur. Þó er ávallt reynt eftir fremsta megni að vinna eins og kostur er undir beru lofti og stuðla þannig að aukinni virkni og þátttöku nemenda.

## **Myndlist og víkingar**

**Tími:** 2 dagar, 4 klst. á dag

**Umsjón:** Heiða Guðmundsdóttir textílkennari og Guðrún Alda Gísladóttir myndlistarkennari og fornleifafræðingur.

Nemendum skólans skipt í tvo hópa, eldri og yngri og efnistöð miðuð við aldur og þroska nemenda. Haldið var erindi um fólk á víkingatíma u.þ.b. 800-1100 með áherslu á lifnaðarhætti og listsköpun. Með myndasýningu var fjallað m.a. um hífýli, klæðaburð, farartæki (bátar, kerrur, sleðar) vopnaburð og skartgrip. Talað var um hvað væri hægt að læra af fortíðinni með því að skoða samtímalist (Bayoux refill) og hvað fornleifar (mörg dæmi t.d. gripir frá Ásubergi í Noregi og dæmi úr nærumhverfi í Aðaldal og Mývatnssveit) geta sagt okkur. Reynt var að leggja áherslu á fólkið með því að tala um börn, foreldra, bændur og

húsfreyjur fremur en bardagamenn. Eftir erindið var farið í myndmenntastofu og unnið að hugmyndum sem kviknað höfðu við áheyrnina.

## **Safnaferðir**

**Tími:** 8 klst.

**Umsjón:** Baldur Daníelsson, kennari og Pétur Ingólfsson og Járnbrá Björg Jónsdóttir kennarar úr Litlulaugaskóla.

Safnaferðir hafa verið ómissandi þáttur í starfi Fornleifaskóla barnanna frá upphafi. Söfnin eru ein helsta birtingarmynd á afurðum fornleifafræðinnar og iðulega til þess falin að vekja áhuga nemenda fyrir sögunni og lífi fólks fyrr á tímum. Þar sem að flestir nemendur Litlulaugaskóla hafa heimsótt söfn í næsta nágrenni skólans, svo sem Byggðasafnið á Grenjaðarstað og á Húsavík, Samgönguminjasafnið Ysta-Felli, smámunasöfnin á Mánárbakka og í Eyjafirði, Iðnaðarsafnið og Minjasafnið á Akureyri svo nokkuð sé nefnt var ljóst að kanna þyrfti nýjar slóðir. Fyrir valinu urðu Síldarminjasafnið á Siglufirði og Byggðasafnið á Dalvík þar sem safnverðir tóku á móti nemendum. Þar var nemendum skipt upp í hópa með hliðsjón af aldri og þroska og þau síðan frædd um söfnin undir leiðsögn safnvarða og kennara.

## **Veður á Laugum**

**Tími:** 2 dagar, 4 klst. á dag

**Umsjón:** Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur, Baldur Daníelsson, Pétur Ingólfsson og Aðalsteinn Már Þorsteinsson, kennarar.

Nemendur fengu fræðslu um hin ýmsu lögmál veðurfræðinnar og fræddust um hugtök eins og meðalhita, rakastig, úrkomu, vindhraða og vindátt svo dæmi séu tekin. Síðan tók yngri nemendahópurinn (1.-5. bekkur) að sér það hlutverk að velja stað fyrir væntanlega veðurstöð og nýtti ráðgjöf Einars veðurfræðings við þann starfa, leitaði að öruggu svæði, hæfilega opnu fyrir veðri og vindum svo byggingar myndu ekki hafa afgerandi áhrif en þó það nálægt að þráðlaus sendibúnaður myndi örugglega draga inn í skólabygginguna. Eldrihópurinn (6.-9. bekkur) átti einnig stund með veðurfræðingnum og þar var m.a. kafað ofan í eðli hnjúkaþeys, spekúlerað í fellibyljum og skoðað hvaða veðurfarsupplýsingar finna má á netinu og hvernig vinna má með slík gögn t.d. í Excel, þ.m.t. þau gögn sem veðurstöðin mun safna.

## GPS-staðsetningar á örnefnum

**Tími:** 4 klst.

**Umsjón:** Unnsteinn Ingason, form. HÞF og Baldur Daníelsson og Pétur Ingólfsson, kennarar.

Nemendur fræddir um GPS-tæknina og útskýrð virkni tækjanna og að því búnu farið yfir skráningarferlið. Allt frá því að hnit er skráð í tækið og þar til því hefur verið komið fyrir í kortagrunni og/eða vistað í tölvu.

Áður höfðu nemendur fengið fræðslu um örnefni, tilkomu þeirra og hlutverk í menningarsögulegu samhengi. Til þess að þjálfa nemendur í meðferð tækjanna var settur upp ratleikur í nágrenni skólans þar sem nemendur leituðu að vísbendingum út frá uppgefnum GPS-hnitum.



Nemendur fornleifaskólans með Sverri Haraldssyni í „GPS hnitamá“

## Líf í fersku vatni – fyrirlestur

**Tími:** 2 klst.

**Umsjón:** Guðmundur Smári Gunnarsson doktorsnemi í sjávarlíffræði

Guðmundur kynnti fyrir nemendum meistaraprófsverkefni sitt sem fjallaði um lífsskilyrði seiða í ferskvatni. Í verkefninu notaðist hann m.a. við neðansjávarmyndavél. Eins og í fleiri námskeiðum var nemendahópnum skipt í tvennt eftir aldri og þroska og framsetning miðuð við það.

## Sumar 2012

Í framhaldi af vetrarstarfinu voru sett upp þrjú sumarnámskeið þar sem nemendum var m.a. gefinn kostur á að tengja fræðslu vetrarins við menningarminjar í nánasta umhverfi. Þar sem nemendur í Vinnuskóla Þingeyjarsveitar fengu frí frá störfum til þess að taka þátt í þessum námskeiðum var ákveðið að þau yrðu opin fyrir fleiri börn en eingöngu nemendur úr Litlulaugaskóla. Fór svo að þátttakendur komu m.a. austan af héraði og af höfuðborgarsvæðinu.

## **Grunnnámskeið – 8-12 ára**

**Tími:** 2 dagar, 3 klst. á dag.

**Umsjón:** Baldur Daníelsson, kennari, Unnsteinn Ingason, form. HÞF, Pétur Ingólfsson, kennari og Megan Hicks og Adolf Friðriksson fornleifafræðingar

Námskeið fyrir nemendur 8-12 ára þar sem farið var yfir grundvallar vinnubrögð í starfi fornleifafræðinga. Fyrri dagurinn fór fram innan dyra, en sá seinni úti á vettvangi þar sem nemendum var kennt að rýna í landslag og reyna að átta sig á hvort um væri að ræða manngerðar hæðir og hóla eða hvort þeir væru af náttúrunnar völdum. Bein sem fundist hafa við uppgröft voru greind og þá voru fornleifafræðingar heimsóttir á uppgraftrastað á Narfastöðum þar sem fundist hafði kuml fyrr um daginn með um 1000 ára gömlum mannabeinum.

## **Lesið í landið – landið og sagan – 13 og 14 ára**

**Tími:** 5 dagar, 4 klst. á dag

**Umsjón:** Baldur Daníelsson, kennari og Unnsteinn Ingason, form. HÞF.

Nemendur fengu stutta upprifjun á vinnubrögðum fornleifafræðinga, rýndu í loftmyndir og leituðust við að túlka það sem fyrir bar. Farið var á vettvang, þ.e. þann stað sem áður hafði verið skoðaður með loftmynd. Nemendur leituðu eftir þeim stöðum sem þeir töldu sig hafa fundið á loftmyndinni og settu fram tilgátur um notkun tiltekinna rústa. Að því loknu fengu nemendur fræðslu frá einstaklingi sem hafði dvalið á staðnum meðan að enn voru uppistandandi hús og mannvirki. Þannig gátu þeir borið saman eigin tilgátur við söguna, það sem var í raun og veru. Að endingu var farin vettvangsferð að Þverá í Laxárdal þar sem Þjóðminjasafnið stendur fyrir uppbyggingu á dæmigerðum burstabæ og útihúsum.

## **Fornleifaskráning**

**Tími:** 4 klst.

**Umsjón:** Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingar

Námskeiðið var fyrir þá nemendur sem verið höfðu í 9. bekk s.l. vetur og fór fram í landi Ljósstaða í Laxárdal þar sem fornleifafræðingar voru að störfum. Nemendur voru fræddir um grunnatriði fornleifaskráningar og mikilvægi hennar sem hluta af varðveislu menningarminja. Sérstaklega var hugað að áhrifum veðurfars á húsatóftir og aðrar menningarminjar.

## Haustönn 2012

### Veður og veðurfarsmælingar

**Tími:** Kennslustundir í upplýsingamennt skólaárið 2012-2013

**Umsjón:** Aðalsteinn Már Þorsteinsson, kennari og Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur

Á haustönn kom Einar Sveinbjörnsson í heimsókn og rifjaði upp ýmis atriði sem farið hafði verið yfir s.l. vor.

Þá var farið yfir þau gögn sem safnast höfðu í veðurstöðinni frá því hún var sett upp í lok maí. Fjallað um hvernig hægt væri að nýta þau til upplýsingar um veðurfar á Laugum og eins um mögulegan samanburð



við önnur veðursvæði. **Staðarvalshópurinn með Einari Sveinbjörnssyni.**

Verkefni vetrarins verður m.a. að gera slíkan samanburð auk þess að taka saman heildaryfirlit um veðurfar á Laugum skólaárið 2012-2013.

### Markmið verkefnisins

Eftirfarandi markmið voru sett við upphaf verkefnisins:

#### Örnefnaverkefni:

Gert var ráð fyrir að nemendur á miðstigi fengju námskeið um örnefni og gildi þeirra, notkun gps tækja og að nemendur á unglíngastigi, skráðu hnit örnefna í Reykjadal með aðstoð eldri borgara.

- **Staðan við verkefnislok:**
- Nemendur hafa fengið umrædd námskeið og hafin er skráning örnefna í Reykjadal og samstarf unglínginga og eldri borgara er í burðarliðnum.



### **Heimsóknir fræðimanna:**

Gert var ráð fyrir heimsóknum a.m.k. tveggja fræðimanna á sviði fornleifafræði, menningarfræða eða annarra tengdra fræðigreina.

- **Staðan við verkefnislok:**
- Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur, Guðrún Alda Gísladóttir, fornleifafræðingur og Guðmundur Smári Gunnarsson, doktorsnemi heimsóttu Litlulaugaskóla og fræddu nemendur. Þá nutu nemendur einnig fræðslu fornleifafræðinganna Megan Hicks, Adolfs Friðrikssonar, Elínar Hreiðarsdóttur og Birnu Lárusdóttur á vettvangi.

### **Námssmiðjur:**

Gert var ráð fyrir heimsókn frá Timezones, fyrirtæki í Bretlandi sem býður upp á lifandi sögukennslu.

- **Staðan við verkefnislok:**
- Ekkert varð af heimsókn fyrrnefnds fyrirtækis og ekki var gefin nein skýring af hálfu forsvarsmanna þess. Þess í stað unnu Guðrún Alda Gísladóttir, fornleifafræðingur og Heiða Guðmundsdóttir kennari að söguverkefni með nemendum. Þá hefur verið sett í gang verkefni um veðurfar á Laugum sem unnið verður að námsárið 2012-2013 undir leiðsögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings.

### **Vettvangsferð:**

Gert var ráð fyrir að allir nemendur skólans fengju tækifæri til að fara í vettvangsferð á minjastað, safn eða sögustað:

- **Staðan við verkefnislok:**
- Farið var með alla nemendur skólans á Byggðasafnið á Dalvík og Síldarminjasafnið á Siglufirði. Þá áttu nemendur (hér var um að ræða mismunandi staði fyrir hvern námshóp) kost á að heimsækja og skoða uppgröft á Skútstöðum, Þegjandadal og Narfastöðum, ásamt fornminjum í landi Ljótsstaða í Laxárdal.

### **Námskrá:**

Gert var ráð fyrir að tilbúin yrði námskrá, með markmiðum og kennslulýsingum.

- **Staðan við verkefnislok:**
- Námskrá hefur litið dagsins ljós, en ljóst er þó af umfangi verkefna að hún verður í stöðugri endurskoðun, reyndar eins og námskrár eiga yfirleitt að vera.

## Lokaorð

Í skólasamfélagi eins og á Laugum í Reykjadal hafa börn og unglingar fyrst og fremst samskipti við kennaramenntað háskólafólk, leikskólakennara, grunnskólakennara, framhaldsskólakennara, tónlistarkennara, íþróttakennara og leiklistarkennara. Starfsemi þeirra sem kjósa sér starfsvettvang á sviði raunvísinda hefur til að mynda lítt verið sýnileg á svæðinu. Það hefur því verið mikil og góð viðbót við það skólastarf, sem hefur lagt megináherslu á íþróttir og listgreinar, að geta veitt nemendum innsýn í aðrar fræðigreinar. Þeir fyrirlestrar, námskeið, vinnusmiðjur og vettvangsferðir sem nemendur tóku þátt í hafa vonandi veitt nemendum nýtt sjónarhorn á mögulegt háskólanám, örvað gagnrýna hugsun og haft áhrif á vinnubrögð nemenda. Ljóst er að verkefni eins og Fornleifaskóli barnanna býður upp á mikla möguleika þegar kennarar vilja brjóta upp hinn hefðbundna skóladag, auk þess sem að á einfaldan hátt er hægt að samþætta lögbundnar námsgreinar og námsmarkmið í þeim námskeiðum sem haldin eru undir merkjum fornleifaskólans. Nú þegar fyrir liggur námskrá yfir helstu verkefni skólans er verðugt verkefni að taka saman námsefni fyrir einstök námskeið þannig að hinn almenni kennari geti án mikillar fyrirhafnar nýtt sér hugmyndir og námskeið Fornleifaskóla barnanna.

Við upphaf verkefnisins var undirritaður skólastjóri Litlulaugaskóla en verkefnisstjórn í umsjá Sifjar Jóhannesdóttur kennara og þjóðfræðings. Á haustmánuðum 2011 lét Sif af verkefnisstjórn og undirritaður tók við og lét um leið af störfum sem skólastjóri. Í kjölfarið tók Pétur Ingólfsson kennari við sem forsvarsmaður innan Litlulaugaskóla. Ég vil að lokum þakka þeim sem lagt hafa þessu verkefni lið; öllum kennurum Litlulaugaskóla, sérstaklega þó Pétri Ingólfssyni, gestafyrirlesurum, fornleifafræðingum á Fornleifastofnun Íslands sem hafa verið ómetanlegir og tilbúnir til aðstoðar hvenær sem eftir því hefur verið kallað og síðast en ekki síst, þeim Unnsteini Ingasyni formanni Hins þingeyska fornleifafélags og Sif Jóhannesdóttur.

Laugum, 1. desember 2012.

Baldur Daníelsson, verkefnisstjóri.